

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010, Þuríðarstaðir, Fljótshéraði.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. ágúst 2008 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að um 8,4 ha landbúnaðarsvæði í landi Þuríðarstaða breytist í opið svæði til sérstakra nota, skotæfingasvæði. Aðeins er gert ráð fyrir byggingum á innan við 0,5 ha svæði. Aðkoma verður um Mjóafjarðarveg.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 19. ágúst 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 2. september 2008